



FRAMKVÆMDASTJÓRI

Rannsóknþjónustan Vestmannaeyjum ehf. leitar að öflugum og framsæknum einstaklingi í stöðu framkvæmdastjóra félagsins. Um fullt stöðugildi er að ræða. Viðkomandi mun stýra starfsemi félagsins, sinna þjónustubáttum og leiða uppbyggingu félagsins. Í Vestmannaeyjum er vaxandi vísindasamfélag með mörgum öflugum matvælafyrirtækjum.

UM FYRIRTÆKIÐ

Rannsóknþjónustan Vestmannaeyjum ehf. (RPV) er með starfsemi í Þekkingarsetri Vestmannaeyja. Núverandi rekstur RPV hefur að stærstum hluta byggst á þjónustumælingum, rannsóknum og ráðgjöf, mestmegnis fyrir matvælafyrirtæki í Vestmannaeyjum. Einn starfsmaður hefur starfað hjá félaginu frá stofnun en nú stendur til að efla starfsemi félagsins með ráðningu framkvæmdastjóra.

Fyrirtækið var stofnað árið 2004 en byggir á grunni eldri starfsemi sem hófst árið 1971. Helstu viðskiptavinir eru Vinnslustöðin (VSV) og Ísfélag Vestmannaeyja (ÍV), auk félaga tengdum þeim fyrirtækjum.

VSV og ÍV eru stærstu eigendur RPV, auk Sýni ehf.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Framkvæmdastjórn félagsins og verkstjórn
- Áætlanagerð, skráningar og ferlagreiningar
- Þjónustumælingar og sýnatökur
- Aðstoð við gerð, ritstjórn og notkun gæðahandbóka
- Aðstoð við skipulagningu, umsjón og ráðgjöf með innri og ytri úttektum, í samráði við viðskiptavini
- Aðstoð við eftirfylgni og umbætur gæðafferla
- Ráðgjöf tengd menntun og fræðslu fyrir starfsfólk viðskiptavina í gæðamálum
- Ráðgjafi viðskiptavina gagnvart kaupendum og opinberum aðilum
- Þjónustukaup innanlands og erlendis
- Þjálfun starfsfólks viðskiptavina
- Gerð kynningarefnis á gæðamálum fyrir viðskiptavini
- Þátttaka í rannsóknarverkefnum fyrir viðskiptavini
- Öflun nýrra verkefna

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýst í starfi s.s. matvælafræði, næringarfræði, sjávarútvegsfræði, líffræði, líftækni, efnafræði, svo fátt eitt sé nefnt
- Starfsreynsla og þekking á starfi á rannsóknastofu er mikill kostur
- Þekking á gæðahandbókum og mælingum er mikill kostur
- Frumkvæði, ábyrgð og samskiptalipurð
- Reynsla og þekking á fiskvinnslu er kostur
- Reynsla af gæðakerfum, umbóstastarfi og ferlum er kostur
- Reynsla og eða áhugi á rekstri og verkefnisstjórn er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Búseta í Vestmannaeyjum er skilyrði.

Umsóknarfrestur er til og með 17. október 2021.

Umsókn um starfið þarf að fylgja kynningarbréf og starfsferilsskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknir skal senda á netfangið: 3h.hrafn@gmail.com. Áhugasömum aðilum um starfið er heitið fullum trúnaði. Nánari upplýsingar veitir ráðgjafi á vegum RPV: Hrafn Sævaldsson í síma 8612961. (3h.hrafn@gmail.com)

Í Vestmannaeyjum er frábært að búa. Íbúar í Vestmannaeyjum eru ánægðastir allra á landinu með sín búsetuskilyrði og eru hamingjusamastir skv. íbúakönnun landshlutanna 2020. Samkvæmt könnun Gallup á þjónustu sveitarfélaga 2020 þá er best þjónusta við barnafjölskyldur og fatlaða í Vestmannaeyjum og sveitarfélagið er annað besta í þjónustu við eldri borgara, þjónustu leikskóla og aðstöðu til íþróttaiðkunar.